



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Árbæ

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Árbæ sem send er íbúaráði Árbæjar og Norðlingaholts til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjalagt:
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Árbæ



Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Árbæ 10. febrúar 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Árbæjarskóla, laugardaginn 10. febrúar 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 32 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

Hvað er það besta við Árbæinn?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Gestir nefndu flestir náttúruna og nálægð við Elliðaárdalinn sem það besta í þeirra hverfi. Einnig var töluvert talað um að það væri gott íþróttastarf í Árbænum. Gestir voru almennt ánægðir með sundlaugina og þeim finnst skólakerfið gott.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

57 responses



Hvað má bæta í Árbænum?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á aukna íþróttaaðstöðu í Árbænum, þá sérstaklega að bæta þyrfti aðstöðu Fylkis og var nýtt knattþús oft nefnt. Töluvert var einnig rætt um að auka ætti þjónustu, það vanti

Einnig var talað um að bæta ætti almenningssamgöngur, innan hverfis, á milli hverfa og í Elliðaárdal. Gestir minntust á að laga þyrfti göngustíga í hverfinu og gera umhverfið snyrtilegra. Að lokum minntust gestir á að bæta þyrfti sorphirðu.

60 responses



Gestir töluðu um að borgarstjóri ætti að setja almenningssamgöngur og skólamál í forgang. Einnig nefndu nokkrir að úthverfin ættu að fá forgang og athygli borgarstjóra.

- Sparkvöll við Árbæjarskóla
- Hjólastíg á Rafstöðvarveg
- Setja skólagarða
- Fá Árbæjarlónið aftur
- Framhaldsskóla í Árbæinn
- Samræma aðferðir íþróttafélaga til að ná til foreldra erlendra barna